

# Árt-6.b

---

Kennarar: Guðný Eygló Ólafsdóttir

6

## Markmið með þessari lotu er að:

Vinna samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsskrá grunnskóla í ensku.

## Námsgögn sem við notum:

- Build up 1 og 2 lesbók og vinnubók
- Amazing animals hlustunaræfingar
- Into hobbies hlustunaræfingar
- Stakir textar frá kennara
- Stök verkefni frá kennara
- Útprentuð rit af skólavefnum
- Þættir
- Krossgátur
- Textar af netinu
- Málfræðiæfingar/ljósrit

## Kennsluhættir í lotunni:

- Lestur (paralestur, hugarlestur, leitarlestur)
- Textarýni
- Bókarýni
- Skapandi ritun
- Einstaklings verkefni
- Hópverkefni
- Vinna í verkefnabókum
- Þemavinna
- Hópleikir

## Námsmat:

Námsmat er fjölbreytt

- Stöðukannanir
- Kynning fyrir bekk
- Hlustunarpróf
- Málfræðiþróf
- Lesskilningspróf
- Ritanir

### Enska við lok 2. stig - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

### Enska við lok 2. stig - Lesskilningur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

### Enska við lok 2. stig - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.

### Enska við lok 2. stig - Frásögn

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

### Enska við lok 2. stig - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

## Enska við lok 2. stig - Menningarlæsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.

## Enska við lok 2. stig - Náms hæfni

- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.